

Reykjavík, 16. október 2024

Ljósvisistarstefna Reykjavíkurborgar - samráð

Vinna við fyrstu formlegu ljósvisistarstefnu í borgarumhverfi fyrir hefur staðið yfir um nokkurt skeið og er þessi stefna fyrsta sinnar tegundar á Íslandi. Hún er afrakstur vinnu stýrihóps sem byggði á þverfaglegri nálgun með aðkomu fagaðila á sviði lýsingarmála í samstarfi við Reykjavíkurborg. Nú liggja fyrir drög að stefnunni sem er hjálögð.

Íbúaráðum Reykjavíkur gefst hér með kostur á að senda inn umsögn eða gera athugasemdir við stefnuendrögin en þess er óskað að þær verði sendar í gegnum samráðsgátt Reykjavíkurborgar.

Kynning fyrir íbúaráð

Við bjóðum til sameiginlegrar kynningar fyrir öll íbúaráð borgarinnar, sem haldin verður **miðvikudaginn 23. október kl. 16:30-18:00 í fundarherberginu Vindheimum 7. hæð í Borgartúni 12-14**. Hægt verður að fylgjast með fundinum rafrænt.

Dagskrá kynningar:

- Kynning á Ljósvisistarstefnu Reykjavíkurborgar
- Yfirferð á stöðu LED-væðingar í borgarhlutum
- Umræður og fyrirspurnir

Ársæll Jóhannsson
Verkefnastjóri á deild gatna, lóða og opinna svæða